



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

Fundur: 5. fundur Foreldrafélags	Staður: Kennarastofa Hvaleyrarskóla	Dags: 10. febrúar	tími: 18:00 – 19:30
Mættir: Sveindís, Guðrún Erla, Íris, Helga Guðlaug og Margrét. Forföll: Helga Veronica, Ásbjörg, Petrína, Sigrún og Gísli.			
Dagskrá samkvæmt fundarboði: 1. Foreldraröltið 2. Skólanámsskrá 3. Yfirlit styrkja/skólaráðsfundur í dag 4. Fræðsla 5. Fundur með eineltisteymi 31. mars 6. Önnur mál			

1. Foreldraröltið

Við fáum lítil viðbrögð frá þeim sem eru að rölja. Fólk er ekki að senda línu á netfangið okkar og láta vita hvernig röltið gekk. Raða aðeins öðruvísi næst svo þeir sömu lendi ekki alltaf á sama árstíma.

2. Skólanámsskrá

Flest allir byrjaðir að lesa sína þætti í skólanámsskránni og einhverjar búnar að lesa. Halda áfram að kynna sér efnið og gera stutta samantekt úr efni.

3. Yfirlit styrkja/Skólaráðsfundur í dag

Helga Veronika sendi yfirlit í t-pósti. Verður tekið til umræðu seinna.

4. Fræðsla

Foreldraráð Hafnarfjarðar stefnir á að hafa fræðslu fyrir foreldra í Hafnarfirði. Hugmyndin var að fá Siggú Dögg kynfræðingur og Marita fræðsluna.

Rætt hvort við ættum að athuga með Eddu kennara og Valgerði Halldórsdóttur um að hafa erindi/fræðslu um stjúp tengsl. Væri þá bæði hugsað fyrir foreldra barna í skólanum og kennara.

5. Fundur með eineltisteymi 31. mars

Rætt um hvaða spurningar við viljum koma á framfæri, m.a.:

- * Breytingar í kjölfar Olweusaráætlunar á vinnubrögðum teymis – breyting verkferla ?
- * Hvar er innleiðingin stödd ?
- * Fjöldi mála milli ára ?
- * Hverjir eru að tilkynna til teymis ?
- * Ársskýrsla teymis ?

Áætlaður fundur með eineltisteyminu er 31.mars.

6. Önnur mál

Grímuball 1. Bekkjar og 5 ára deildar – umræða um grímuball sem foreldri í 1. bekk hafði frumkvæði af og sá um. Formaður sendir póst á Geir forvarnarfulltrúa.

Bekkjartenglar – minna á í haust að þetta sé fyrir allt árið. Póstur um a.m.k. 2-3 viðburði yfir skólaárið. Byrja á að kanna hvort einhverjir foreldrar bjóði sig fram, ef ekki þá nota skipulagið.

Skólaböll - Umræður um tímasetningu á böllum í unglingsdeild og leyfi sem gefin eru daginn eftir. Skiptar skoðanir á þessu.

Fundargerðir – vinsamlegast sendið athugasemdir innan viku ef einhverjar eru, annars telst



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

fundargerð samþykkt.

Bókasafn – Sveindís ætlar að senda póst á bókasafnsfræðing og kanna með bókaþörf og hvort áhugi sé á að taka við notuðum bókum frá heimilum.

Heimili og skóli: Fulltrúaráðsfundur HS verður haldinn í mars á Reyðarfirði.
Netöryggisdagurinn er á morgun. HS funduðu með kennurum og munu gera hér eftir amk. 1x á ári, nokkur atriði sem samkomulag var um s.s. hæfa kennara í vel búnum skólum.

Fundi slitið kl. 19:40